

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um fjárhheimildir Samkeppniseftirlitsins.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Í ljósi þess að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 er mælt fyrir um töluvert aðhald hjá Samkeppniseftirlitinu, að því er segir í umsögn stofnunarinnar um frumvarpið, telur ráðherra að töluvert fjárhagslegt aðhald hjá eftirlitsaðilum virkrar samkeppni á markaði sé í samræmi við áherslu ríkisstjórnarinnar um að vinna bug á verðbólgu?
- Telur ráðherra að það sé áhyggjuefni fyrir neytendur að Samkeppniseftirlitið telji sig ekki geta sinnt lögbundnum verkefnum sínum vegna vanfjármögnum stjórnvalda, sbr. fyrrnefnda umsögn?
- Telur ráðherra ástæðu til að bregðast við því að í hverfandi mæli sé hægt að rannsaka brot sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu og opinberum samkeppnishindrunum?
- Hver eru rök ráðherra fyrir því að fjárhheimildir Samkeppniseftirlitsins hafi ekki þróast í samræmi við þróun atvinnulífs og aukin verkefni sem henni fylgir, né heldur í samræmi við raunkostnað?
- Hefur ráðherra litið til aðgerða á Norðurlöndum þar sem fjárhheimildir hafa verið auknar til samkeppniseftirlitsstofnana með það að markmiði að stjórnvöld beiti sér með markvissum hætti gegn verðbólgu og fyrir virkari samkeppni?

Skriflegt svar óskast.
